



Fundargerð.

Sveitarstjórn Skaftárhrepps fundaði fimmtudaginn 22. janúar 2015.

Fundur hefst kl. 13⁰⁰ í Kirkjuhvoli, Kirkjubæjarklaustri.

Þetta er 379. fundur sveitarstjórnar, 1. fundur ársins 2015.

Fundargerð er tölvuskráð af sveitarstjóra og er 5 blaðsíður.

Eva Björk oddviti, býður fundarmenn velkomna.

Mættir undirritaðir sveitarstjórnarmenn ásamt Eygló Kristjánsdóttur, sveitarstjóra.

Oddviti óskar eftir breytingu á dagskrá, að við málefnskrá bætist:

I. Málefni til umfjöllunar/afgreiðslu

7. Erindi frá Friði og frumkröftum um ráðstöfun styrkfjár úr Framkvæmdasjóði ferðamannastaða í Fjaðrárgljúfur, dags. 20. janúar 2015.

8. Erindi frá Friði og frumkröftum um aðgang að rafmagni til að lýsa upp Systrafoss, dags. 20. janúar 2015.

9. Fyrirkomulag á samþykktum, bókunum og greiðslu reikninga hjá Skaftárhreppi.

10. Málefni leikskólalóðar og umhverfis.

Sveitarstjóri og oddviti greina frá gangi mála frá síðasta fundi.

Sveitarstjóri greindi frá umsóknum um stöðu verkefnastjóra verkefnisins Brothættar byggðir.

Fyrirtaka var 15. janúar fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur í máli sem Veidifélag Grenlækjar hefur höfðað á hendur Skaftárhreppi og Íslenska Ríkinu. Sveitarfélaginu var gefinn frestur til 12. mars að skila greinargerð.

Oddviti greindi frá viðtölum vegna ráðningar verkefnastjóra Kötlu jarðvangs.

Sveitarstjórn lýsir ánægju og þakklæti til ungmenna í Félagsmiðstöðinni Klaustrinu og íþrótt- og tómstundafulltrúa fyrir frábæra frammistöðu og áráðni við það stóra verkefni að halda USSS, undankeppni söngkeppni Samfés á Suðurlandi, síðastliðinn föstudag.

Dagskrá

I. Málefni til umfjöllunar/afgreiðslu.

1. Samþykkt um stjórn og fundarsköp Skaftárhrepps, seinni umræða.
Samþykktin var lögð fram til fyrri umræðu á fundi sveitarstjórnar 13. nóvember 2014.
Sveitarstjórn samþykkir Samþykkt um stjórn og fundarsköp Skaftárhrepps og felur sveitarstjóra að senda hana til staðfestingar hjá Innanríkisráðuneytinu.
2. Framlenging á samstarfssamningi við Markaðsstofu Suðurlands.
Markaðsstofa Suðurlands óskar eftir framlengingu á samstarfssamningi til 3ja ára, þ.e. til 31. desember 2017. Framlag til stofunnar hækki úr 350kr. á íbúa í 430kr. á ári. Íbúafjöldi Skaftárhrepps 1. janúar 2014 skv. Hagstofu var 452 og væri framlag því 194.360kr.



Sveitarstjórn samþykkir framlengingu samstarfssamnings.

- Beiðni um umsögn vegna óskar Íslandspósts um breytingu á pósthjónustu. Erindi frá Póst og fjarskiptastofnun, dagsett 16. janúar 2015. Í erindinu kemur fram að Íslandspóstur hafi óskað eftir að loka póstafréiðslu fyrirtækisins á Kirkjubæjarklaustri. Í stað núverandi afgreiðslu hyggst Íslandspóstur bjóða upp á þjónustu póstbíls.
Í ljósi skertrar þjónustu síðast liðið haust, í dreifbýli sveitarfélagsins, með tilfærslu póstkassa í allt að 500 m fjarlægð frá heimilum, veltir sveitarstjórn því fyrir sér hvort sú þjónusta sem verður í boði fyrir þéttbýlið verði einnig í boði fyrir dreifbýlið. Sveitarstjórn bendir á þann gífurlega fjölda gesta sem heimsækir sveitarfélagið á hverju ári og er nauðsynlegt að pósthjónusta sé sýnileg þeim til jafns á við íbúa. Í trausti þess að þessi breyting skerði ekki þá þjónustu sem nú þegar er, gerir sveitarstjórn ekki athugasemdir við breytinguna.
- Viðauki við fjárhagsáætlun 2015, eldhús í félagsheimilinu Kirkjuhvoli. Við gerð fjárhagsáætlunar Skaftárhrepps 2015 var ekki gert ráð fyrir þeim framkvæmdum í eldhúsi félagsheimilisins sem ákveðnar höfðu verið.

Viðauki I við fjárhagsáætlun Skaftárhrepps. 2015

Endurbætur á eldhúsi Kirkjuhvols 31345-4965 1.140.000 kr.
Útgjöldum mætt með handbæru fé.

<u>Áhrif á heildar fjárhagsáætlun</u>	Samþ. áætl. 2015	Viðauki I	Samt. m/viðauka
Aðalsjóður	-6.741		-6.741
Eignasjóður	24.321	-1.140	23.181
B- hluta fyrirtæki	13.793		13.793
A og B hluti samtals	<u>31.373 þús.</u>		<u>30.233 þús.</u>

Viðauki samþykktur.

- Erindi frá slökkviliðsstjóra varðandi húsnæði slökkviliðsins. Í erindinu er sagt frá fundi slökkviliðsmanna þar sem húsnæðismál slökkviliðsins voru rædd. Óska slökkviliðsmenn eftir því að sveitarstjórn skoði kosti og galla þess að slökkviliðið flytji yfir í húsnæði Sorpbrennslunnar.
Sveitarstjórn þakkar erindið og tekur vel í að skoða tilfærslu á aðstöðu slökkviliðsins.
- Erindi frá slökkviliðsstjóra varðandi ástand og aðbúnað slökkviliðs. Í erindinu fer slökkviliðsstjóri yfir ástand Slökkviliðs Skaftárhrepps, réttindamál slökkviliðsmanna sem og ástand tækjabúnaðar og öryggisfatnaðar.



Óskar slökkviliðsstjóri eftir því að sveitarstjórn geri sér grein fyrir alvarleika málsins og að gerðar verði úrbætur sem fyrst.

Sveitarstjórn þakkar erindið og óskar eftir viðræðum við slökkviliðið um aðgerðir til úrbóta.

7. Erindi frá Friði og frumkröftum um ráðstöfun styrkfjár úr Framkvæmdasjóði ferðamannastaða í Fjaðrárgljúfur, dags. 20. janúar 2015.
Í erindinu er fjallað um styrk sem Skaftárhreppi var úthlutað í maí 2014, 2 milljónum króna, í sérstakri úthlutun úr Framkvæmdasjóði ferðamannastaða til að koma upp öryggisþöllum og viðhalda stígum við Fjaðrárgljúfur. Leggur félagið til að sveitarstjórn feli Friði og frumkröftum verkefnisstjórn til að ljúka verkefninu fyrir sumarið 2015.

Sveitarstjóri greinir einnig frá fundi sem hann átti með verkefnisstjóra og stjórnarformanni Friða og frumkrafta þar sem ræddir voru möguleikar á því að Friður og frumkraftar taki að sér verkefni sem hafa verið í umsjá sveitarfélagsins en eiga hugsanlega betri samlegð með verkefnum félagsins s.s. umsjón með „Græna bæklingnum“ og umsjón með salernisaðstöðu í Fjaðrárgljúfri.

Sveitarstjórn samþykkir erindi Friða og frumkrafta og felur sveitarstjóra að útbúa samning við Frið og frumkrafta vegna tilfærslu verkefna.

8. Erindi frá Friði og frumkröftum um aðgang að rafmagni til að lýsa upp Systrafoss, dags. 20. janúar 2015.
Í erindinu kemur fram að Friður og frumkraftar hafi hug á að festa kaup á nýjum kastara sem lýsa myndi upp Systrafoss. Óskar félagið eftir leyfi til að tengja kastarann við ljósastaur sem stendur í nágrenni við fossinn.
Sveitarstjórn samþykkir að kastari við Systrafoss verði tengdur við ljósastaur við Klausturveg.

9. Fyrirkomulag á samþykktum, bókunum og greiðslu reikninga hjá Skaftárhreppi.
Vinnufyrirkomulag á skrifstofu Skaftárhrepps er þannig að stjórnendur stofnana, s.s. skólastjóri, leikskólastjóri, matráður, sveitarstjóri o.fl. samþykkja reikninga fyrir sína deild. Starfsmaður, með skilgreininguna bókar I, sér um að bóka reikninga í bókhald sveitarfélagsins og sveitarstjóri sér um greiðslu reikninga. Eftir greiðslu reikninga sér bókar I um að færa greiðslu inn í bókhaldskerfið. Starfsmaður, með skilgreininguna aðalbókari II, sér um afstemmingu bankareikninga. Þetta fyrirkomulag gerir það að verkum að virkt innra eftirlit með færslu bókhalds og greiðslu reikninga er eins gott og mögulegt er á svona fámennum vinnustað.

Fyrir Klausturhóla eru það hjúkrunarforstjóri og matráður sem samþykkja reikninga, aðalbókari II sér um að bóka þá inn, greiðslur eru að mestu í höndum aðalbókara II sem einnig sér um að færa greiðslu inn í bókhald og stemma af bankareikninga.

10. Málefni leikskólalóðar og umhverfis
Um er að ræða fyrirspurn vegna vatnssöfnunar á bílastæði við leikskólann og tjarnarmyndun



á leiksvæði leikskólans.

Í haust var fenginn dælubíll til að dæla upp úr niðurföllum á bílplaninu en því miður hefur það ekki skilað tilætluðum árangri. Í tengslum við endurbætur á sandkassa og fleira á lóð leikskólans síðast liðið sumar var áformað að fylla í það svæði sem „tjörnin“ myndast. Ekki gafst færi á að klára það verkefni.

Sveitarstjóra falið að finna verktaka í að leysa verkefni.

II. Fundargerðir til samþykktar.

1. 102. fundur rekstrarnefndar Klausturhóla, 31. janúar 2015.
Fundargerðin samþykkt.
2. 136. fundur fræðslunefndar, 15. janúar 2015.
Fundargerðin samþykkt.

III. Fundargerðir til kynningar.

1. 22. fundur félagsmálanefndar 19. janúar 2015 – *fundargerðin kynnt.*
2. 488. fundur stjórnar SASS, 12. desember 2014 – *fundargerðin kynnt..*
3. 823. fundur stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, 12. desember 2014
– *fundargerðin kynnt.*
4. 92. fundur Héraðsnefndar Vestur – Skaftafellssýslu, 11. desember 2014
– *fundargerðin kynnt.*
5. Stjórnarfundur Friðar og frumkrafta, 11. desember 2014 – *fundargerðin kynnt.*
6. Stjórnarfundur Friðar og frumkrafta, 13. janúar 2015 – *fundargerðin kynnt.*

IV. Annað kynningarefni.

1. Auglýsing eftir umsóknum um að halda Landsmót UMFÍ 2017.
2. Þakkir frá 39. sambandsráðsfundi UMFÍ til sveitarfélaga.
3. Ábúðaskipti á jörðinni Mörtungu 2.
4. Könnun á kjörum sveitarstjórnarmanna á Suðurlandi, KPMG.
5. Kynning á R3 ráðgjöf varðandi menningartengda ferðaþjónustu.



V. Samþykkt fundargerðar / Fundarslit

Fundargerð lesin upp, samþykkt og árituð. Fundi slitið kl. 16:00.

Næsti fundur boðaður með dagskrá fimmtudaginn 12. febrúar 2015 kl. 13:00.

Eva Björk Harðardóttir.

Guðmundur Ingi Ingason.

Heiða Guðný Ásgeirsdóttir.

Jóhannes Gissurarson.

Bjarki V. Guðnason.